Fullgild rafræn undirskrift
AUÐUR EYBERG HELGADÓTTIR
2026-11-17 11:01:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HALLA MARGRÉT VIÐARSDÓTTIR
2026-11-17 11:20:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Kristín Ósk Matthíasdóttir
Tjarnarbakka
Patreksfjörður 450
Ísland

17. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3390

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15. október 2026 hjá Kristínu Ósk Matthíasdóttir

Þann 15. október 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Kristínu Ósk Matthíasdóttir, í Vatnsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

4 ný frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 15. október 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Engir útreikningar voru til staðar við eftirlit.*	**Opið**
gr. 4.3. í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 15. október 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) a.m.k. einu sinni á ári. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. einu sinni á ári við hámarksfóðrun (hámarksvöxt). Engar sýnatökur voru teknar frá frárennsli árið 2025.*	**Opið**
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Frávikið var skráð: 15. október 2026	**Opið**

	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Ársyfirliti fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí sl.*	
gr. 4.5 í starfsleyfi.	Frávikið var skráð: 15. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí sl.*	**Opið**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. desember 2026.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Halla Margrét Viðarsdóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits